



Mosverjar

Starfsskýrsla
2014-2015

Skátafélagið Mosverjar
Skátaheimilinu við Varmá
Háholi 1, 270 Mosfellsbæ
Sími 566 6455
Kennitala 640288-2489
Heimasíða Mosverja: www.mosverjar.is

Mosverjar eru aðili að Bandalagi
Íslenskra skáta - www.skatar.is

Stjórn Skátafélagsins Mosverja 2014-2015

Ævar Aðalsteinsson, félagsforingi
Dagbjört Brynjarsdóttir,
aðst. félagsforingi
Kolbrún Reynholdsdóttir, gjaldkeri
Eiríkur Pétur Eiríksson, ritari
Friðrik Sigurðsson, meðstjórnandi
Ingveldur Ævarsdóttir, meðstjórnandi
Unnur Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Umsjónarmenn:

Umsjónarmaður skátastarfs
og húsvörður: Ævar Aðalsteinsson
Umsjón með heimasíðu Mosverja:
Gunnar Ingi Gunnarsson
Umsjónarmaður sumarnámskeiða:
Gunnar Ingi Stefánsson
Skoðunarmaður reikninga:
Halldór Halldórsson
Verkefnastjóri stikuverkefnis:
Ævar Aðalsteinsson

Sveitarforingjar Mosverja

Drekaskátar – Drakó:
Dagbjört Brynjarsdóttir
Fálkaskátar – Hafernir:
Ævar Aðalsteinsson
Fálkaskátar – Smyrlar:
Ingveldur Ævarsdóttir
Dróttaskátar – Orion:
Friðrik Sigurðsson
og Harpa Methúsalemsdóttir
Rekkaskátar – Búrhvalur:
Ingveldur Ævarsdóttir
Róverskátar:
Ingveldur Ævarsdóttir
Bakvarðasveit Mosverja:
Eiríkur Pétur Eiríksson

Skýrsla stjórnar Mosverja starfsárið 2014 – 2015

Mosfellsbæ, febrúar 2016
Ábyrgðamaður: Ævar Aðalsteinsson

Ljósmyndir:

Úr ljósmyndasafni Mosverja
og Bandalags Íslenskra skáta

Umbrot & hönnun:

Guðmundur Pálsson / kontent.is

Prentun: Litlaprent

Mosverjasöngurinn

Nú Mosverjarnir eru mættir hér í dag
og mesta stuðið er að syngja skátalag.
Útilíf er allra meina bót
því ætlum við á skátamót.

Víð viljum bara fútt og fjör
og förum út með bros á vör.
Það hlustar enginn á neitt suð
né eitthvað gamalt tuð.

Við varðeldinn er alltaf vakað kvöldin löng
því vinir gleðjast þar við skátasöng.
Sem ómar hátt svo undirtekur þar
og öll við erum Mosverjar – Mosverjar.



Efnisyfirlit

Frá félagsforingja

Kostir þéttbýlis
í óspilltri náttúru4

Um skátastarfið

Hverju hafa skátarnir breytt
fyrir íslenska æsku?6

Skípulag skátastarfsins

Aldursskipting í skátastarfi8

Hvatakerfi skáta

Frábart verkfæri í skátastarfi9

Skátasveitirnar í Mosverjum:

Öflugt skátastarf
fyrir 8 til 18 ára 10

Stíkaðar gönguleiðir

í Mosfellsbæ:
Hringsjá á Reykjaborg 13

Foringjaþjálfun í skátastarfi

Öflug foringjaþjálfun
styrkir starf félagsins 14

Gilwell-leiðtogaþjálfun

Mosverjar mennta sig 15

Skátaheimilismál

Hvenær fáum við
nýtt skátaheimili? 16
Kalt mat Mosverja 17

Dagbók Mosverja 2013-2014:

Líflegt starf á liðnu starfsári 19

Framtíðaruppbygging

við Hafravatn 34



Frá félagsforingja:

Kostir þéttbýlis í óspilltri náttúru

Breyting á tómstundum og félagslífi barna

Ekki er langt síðan Mosfellsbær, sem þá hét Mosfellshreppur, var fámennit byggðalag þar sem venjulegur búskapur var stundaður í sveitinni, svona í útjaðri höfuðborgarinnar. Þá var tómstunda- og félagslíf barna og unglunga í hreppnum afar fábrotið og ekki mikið í boði fyrir yngri kynslóðina. Þó var ungmennafélagið búið að vera starfandi síðan 1909 og var helsti vettvangur barna og unglingastarfsins. Þar voru íþróttir aðallega á stefnu-skránni, þó ýmislegt annað hafi verið gert á vegum þess ágæta félags.

Tíminn líður

Síðan líður tíminn og íbúum fjölga og byggðin þéttist. Það er svo árið 1962 sem skátastarfi er komið á fót með góðri aðstoð frá Skátafélagi Reykjavíkur. Upp frá því hefur Skátafélagið Mosverjar verið ánægjulegur og uppbyggilegur valkostur í tómstundastarfi sveitarinnar. Fjöldi barna og unglunga hafa komið við í skátastarfinu og fengið að njóta þeirra kosta sem starfið hefur haft að bjóða á hverjum tíma.

Auðvitað hefur skátastarfið gengið í hæðum og lægðum eins og gjarnan er

Mosfellsbær er útvörður höfuðborgarsvæðisins í norðri. Þar hefur byggð vaxið ört á síðustu árum og myndast góð blanda borgarsamfélags og sveitar þar sem íbúarnir kjósa kosti þéttbýlis en nýta um leið það sem óspillt náttúran hefur upp á að bjóða.



Ævar Aðalsteinsson

þegar um sjálfbodaliðafélög er að ræða. Aðstaða félagsins og forysta í starfinu hefur þar vegið þungt og hefur eflaust oft verið talsverð barátta skátanna í Mosverjum að halda félaginu gangandi.

Nútímakröfur og í ölbreytt tómstundastarf fylgir auknum íbúaf ölda

Um 1970 fer íbúum að fjölga verulega. Bærinn stækkar og ný hverfi taka að myndast. Kröfur um fjölbreytt tómstundastarf og aðrar og meiri kröfur um aðstöðu, stuðning og framkvæmd starfsins fylgja í kjölfarið. Með góðum

stuðningi bæjaryfirvalda hefur Mosverjum tekist að efla skátastarfið og gera það að þeim sjálfsagða valkosti sem það er í dag. Mosverjar náðu þeim árangri fyrir nokkru að fá gæðavottun íslenskra skátafélaga sem er kölluð „félag á réttri leið“. Þessi viðurkenning sýnir að skátafélagið er í sannleika sagt á réttari leið. Mosverjar munu fylgja þessu eftir með áframhaldandi góðu starfi.

Skátarnir eru valkostur gegn kröfunni um aukið álag

Innri uppbygging skátastarfsins byggir ekki á keppni eða að vera bestur í



Tjikkalikka, tjikkalikka, tjá, tjá, tjá.
Bommalikka, bommalikka, bá, bá, bá.
Tjikkalika, bommalikka, sí búm ra.
Allra skáta, ra, ra - ra.



Mosverjar vilja þakka þeim fölmörgu aðilum sem aðstoðað hafa eða komið að okkar starfi á liðnu starfsári. Foringjar félagsins og margir foreldrar hafa stýrt starfinu sem verður okkur hvatning til að halda áfram og gera gott starf enn betra.

Félagið er nú komið í hóp þeirra íslensku skátafélaga sem hafa fengið viðurkenningu Bandalags íslenskra skáta með því að fá gæðavottunina "Á rétttri leið". Þetta er verkefni sem unnið hefur verið að í mörg ár og eru Mosverjar þakklátir öllum þeim sem komið hafa að starfi félagsins á undanförunum árum og þannig stuðlað að þessum árangri.

hópnum. Hér er meira á ferðinni einstaklingsmiðað tómsundastarf sem unnið er í félagi við aðra. Í skátunum hjálpast fólk að við að ná markmiðunum.

Skátastarfið getur því verið verkfæri sem kemur til móts við nútíma hugsun um lægri stress-stuðul meðal barna og unglínga þegar of miklar kröfur um keppni og árangur geta haft neikvæð og slæm áhrif á einstaklinginn.


Framtíðin er björt í heilsueflandi samfélagi

„Skátalíf er útilíf“ er stundum sagt á góðum stundum. Við búum hér í heilsueflandi samfélagi og skátastarf sem

byggist á útiveru og reynslunámi undir berum himni hlýtur að henta vel inn í þessa stefnu bæjarins.

Ævintýragarðurinn í Mosfellsbæ er okkar heimavöllur og fyrirhuguð bygging skátaheimilis í tengslum við hann er frábær hugmynd. Því er framtíðin björt fyrir skátana í heilsueflandi samfélagi þar sem óskað er eftir áframhaldandi stuðningi bæjaryfirvalda til að halda áfram veginn við að efla skátastarfið.

Fyrir hönd stjórnar Mosverja er þessi starfsskýrsla fyrir starfsárið 2014 -2015 lögð fram. Hér er eins og oft áður í þessum skýrslum stiklað á stóru í skátastarfinu. Lögð er áhersla á að sýna fjölbreytni skátastarfsins en margt sem



drifið hefur á daga okkar kemst því miður ekki með. Vonandi verður þú lesandi góður einhvers vísari um það öflugra starf sem fram fer í skátafélaginu Mosverjum.

Öllum sem þátt tóku eru þökkúð góð störf með von um jákvæða endurgjöf til hvers og eins.

F.h. stjórnar Mosverja,
Ævar Aðalsteinnsson, félagsforingi.

Um skátastarfið:

Hverju hafa skátarnir breytt fyrir íslenska æsku?

Þegar skátahreyfingin var stofnuð 1907 voru ýmsar nýjar uppeldis- og kennslu-aðferðir að mótast.

Iðnbyltingin og miklar þjóðfélagsbreytingar höfðu haft misgóð áhrif og stofnandi skátahreyfingarinnar, Baden-Powell, gerði sér grein fyrir því að æskuna vantaði uppbyggileg verkefni til að sinna í frítíma sínum.

Eins og eldur í sinu

Árið 1912 koma skátarnir til Íslands þegar ungur maður, sem kynnst hafði skátastarfi í Danmörku, stofnaði lítinn skátaflokk í Reykjavík. Síðan barst þessi hreyfing á ótrúlega skömmum tíma út um allt land. Það var ekki sá staður, þorp eða bær sem ekki hafði skátastarf á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar.

Af hverju ætli þessi þróun hafi orðið? Miklar samfélagslegar breytingar urðu á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar og hér verða dregnar fram þrjár hugsanlegar ástæður sem skýrt geta þessa hröðu þróun með því að nota orðin ódýrt og einfalt til að lýsa skátastarfi.

Skátarnir þurfa ódýra og einfalda aðstöðu

Til að skátastarf takist vel þarf enga stórkostlega aðstöðu, íþróttahallir eða glerhýsi. Það fer eftir fjölda þátttakenda hvað herbergið eða salurinn þarf að vera stór.

Stór hluti af skátahugmyndinni er að aðstaðan sem skátastarfið fer fram í sé

heimilisleg og notaleg og að skátafundirnir séu alltaf haldnir þar. Þess vegna heitir aðstaðan skátaheimili en ekki klúbbhús eða félagsmiðstöð. Það fer eftir viðfangsefnum hvort verið er úti eða inni.

Skátarnir eru ódýrt og einfalt tómstundastarf

Til að hefja skátastarf þarf enga sprenglærða sérfræðinga. Skátalögin og skátaheitið eru ákveðin siðferðisrammi sem skátar vilja lifa eftir. Þær reglur eru ekkert annað en góðar og almennar lífsreglur sem allir eiga að geta tileinkað sér. Síðan er starfið þessir reglulegu fundir þar sem viðfangsefni geta farið vítt og breytt um áhugasviðin.

Við köllum skátastarf stundum reynslunám og því má alveg gera mistök og byrja uppá nýtt. Keppni og metingur á ekki að þvælast fyrir skátunum né of metnaðarfullur þjálfari eða stjórnubrjálaðir foreldrar á hliðarlínunni.





Skátarnir eru ódýrir og einfaldir í framkvæmd

Skátaaðferðin gerir ráð fyrir því að skátunum sé skipt í skátaflokkka og skátasveitir. Með hæfilega stórum hópum gengur starfið betur og allir fá að njóta sín.

Stofnandi skátahreyfingarinnar vildi að markmið skátahreyfingarinnar væri að stuðla að uppeldi og þroska barna, unglinga og ungs fólks á þann veg að þeir einstaklingar sem fengju að kynnast skátastarfinu yrðu sjálfstæðir og sjálfum sér nógir, en jafnframt virkir og ábyrgir í hópstarfi.

Niðurstaðan er snjöll uppeldishreyfing

Skátahreyfingin er ódýr, einföld og bætum nú við snjöll uppeldishreyfing sem stefnir að því að hver skáti læri smám saman á þroskaferli sínum frá barnsaldri til full-orðinsára að vera sjálfstæður, virkur og ábyrgur og láta gott af sér leiða í samfélaginu. Skátastarf er óformlegt uppeldisstarf sem byggir á því að efla sjálfsnám ungs fólks með því að nýta tólmundir þess til uppbyggjandi verkefna. Uppeldi og menntun einstaklinganna er ævilangt ferli sem felur í sér alhliða þroska og aukna færni.



Skipulag skátastarfsins:

Aldurskipting í skátastarfi

– starfið hentar þroska og færni

Skátastarfinu er skipt í aldurshópa. Markmið hvers aldurshóps nefnast áfangamarkmið og er að finna bæði í handbókum fyrir sveitarföngingja og í leiðarabókum skátanna sjálfra.



Í skátaheitinu, skátalögunum og kjörorði skáta koma fram markmið skátahreyfingarinnar.

- » Skátaheitið er valkvætt loforð og að vígjast sem skáti er mikilvæg stund í lífi hvers skáta.
- » Skátalögin leggja til góð gildi og reglur eru mikilvægar fyrir börn og unglinga.
- » Kjörorðið minnir okkur á skátaheitið.

Skátaheitið

- » Ég lofa að gera það sem í mínu valdi stendur til þess að gera skyldu mína við guð/samvisku og ættjörðina/samfélag, að hjálpa öðrum og að halda skátalögin.

Siðferðileg gildi í skátaheitinu eru oft flokkuð á eftirfarandi hátt:

- » „Skyldan við guð/samvisku“ – tengsl einstaklingsins við leitina að lífsgildum sem eru ofar honum sjálfum.
- » „Skyldan við aðra“ – tengsl einstaklingsins við samfélagið og ábyrgð hans innan þess.
- » „Skyldan við sjálfan sig“ – ábyrgð einstaklingsins á að þroska hæfileika sína eins og mögulegt er.

Skátalögin

Skáti er:

hjálpssamur / glaðvær / traustur / náttúruvinur / tillitssamur / heiðarlegur / samvinnufús / nýttinn / réttssýnn / sjálfstæður

Kjörorð skáta

Ávallt viðbúinn!



Drekaskátarnir í Mosverjum njóta þess að gera árangur sinn sýnilegan.

Hluti af nýrri dagskrá sem skátarnir hafa verið að innleiða undanfarið ár er hvatakerfi, en það eru verkefnaspjöld fyrir skátana til að gera sýnilegra það sem þeir gera. Nú í haust voru spjöldin og límmiðarnir tilbúnir og hafa verið tekin í notkun hjá fjölmörgum skátasveitum.

Dagskráráð hefur nú í haust notað heimsóknir til skátafélaganna sem tækifæri að kynna þetta nýja hvatakerfi og hugmyndina á bak við það. Hugmynd dagskráráðs er að innleiða kerfið í áföngum til einföldunar og fyrsta skrefið eru hvataspjöld og límmiðar.

Staðfesting á að hafa lokið verkefni og náð markmiðum

Hvataspjaldið, sem hver og einn skáti hefur fyrir sig er sextrent. Hvataspjöldin eru víðast hengd á vegg í skátaheimilinu og þá geta spjöld allra í sveitinni eða flokknum myndað skemmtilegt munstur. Ekki þarf þó að hengja þau á vegg heldur er hægt að geyma með öðrum hætti ef aðstæður bjóða svo.

Límmiðarnir eða merkin eru af ýmsu tagi til hvatningar og viðurkenningar. Verkefnamerkin og útilífsmerkin verða innleidd í fyrstu atrennu og þá límmiða setur skátinn á hvataspjaldið sitt og getur fylgst með árangri sínum og framförum.

Verkefnamerkin





Hvatakerfi skáta

Frábært verkfæri í skátastarfi!

Sýnilegar framfarir eru hvatning fyrir skátana

Í kynningu dagskráráðs er lögð áhersla á verkefnaflokkana og merkingu þeirra. Verkefnaflokkarnir eru fimm í takt við skátadagskrána til að gæta jafnvægis í ólíkum þroska og þekkingarþáttum:

- Hjálpssemi og samfélagsþátttaka
- Útilíf og umhverfisvernd
- Listir og menning
- Íþróttir og heilsurækt
- Tækni og vísindi

Ef verkefni eru umfangsmikil eða taka yfir lengri tíma geta þau fallið í tvo eða fleiri verkefnaflokka og getur sveitarráð skátasveitarinnar ákveðið að veitt séu fleiri en eitt merki fyrir slík verkefni.

Útilífsmerkin er svo þrenns konar og eru einfaldlega fyrir:

- Dagsferð
- Útilegu
- Skátamót



Útilífsmerkin geta tengst eða verið hluti af öðrum flokks- eða sveitarverkefnum í skátastarfinu.

Hvenær fá skátarnir límmiða?

Skátastarfið snýst ekki um að fá merki, heldur tengist það því starfi sem unnið er og árangri. Þar er horft til skipulags

skátastarfsins og lýðræðislegra ákvarðana. Þannig þurfa verkefni að vera valin og samþykkt af flokknum eða sveitinni og sveitarforingja. Verkefni þurfa einnig að vera undirbúin, framkvæmd og endurmetin af skátaflokknum eða sveitinni í sameiningu. „Við mælum með því að skátarnir sjálfir ræði það hvaða límmiða þeir eigi að fá fyrir verkefni,“ segir Una Guðlaug formaður dagskráráðs. „Þannig þurfa þeir að hugsa um á hvaða svið þeir voru að reyna“. Hún segir að ígrundun verkefnisins sé mikilvæg og eigi að vera hluti af flokksfundum eða sveitarþingum. Það þurfi ekki að vera flókið, engar skýrslur, heldur má taka það inn í umræður t.d. 5 mínútur foringjans í lok fundar.



Dagbjört og Una Guðlaug hafa verið að kynna hvatakerfið

Gegnumgangandi í skátadagskránni eru skrefin undirbúningur, framkvæmd og endurmat. „Samvinna í öllum þess-

um þáttum er mikilvæg,“ áréttar Una Guðlaug. Verkefni séu unnin á skátafundum, í ferðum eða útilegum flokksins eða sveitarinnar.

Margar spurningar hafa vaknað um framkvæmdina eins og t.d. „Hvað ef Palli er veikur, fær hann þá ekki límmiða eins og restin af flokknum?“ Svárið er „Nei, því miður“, enda snýst þetta um þátttökuna.

Jöfn og þétt innleiðing er farsæl

Una Guðlaug og Dagbjört Brynjarsdóttir, verkefnisstjóri í Skátamiðstöð segja mikilvægt að innleiða hvatakerfið í áföngum og ná tökum á að nota það jafnt og þétt.

Merkjakerfið hefur nú verið útbúið fyrir þrjú aldersstig, drekaskáta, fálkaskáta og dróttaskáta. Byrjað er að innleiða fyrstu hluta á hverju stigi. Fyrir þá sem vilja fá alla útgáfuna strax þá voru útskýringar fyrir skátaforingja og upplýsingar dregnar saman í bæklinga og í fyrstu atrennu gefnir út fyrir tvö aldersstig, drekaskáta og fálkaskáta.

Af Skátamáli.is | 25.11.2015



Skátasveitirnar í Mosverjum:

Öflugt skátastarf fyrir 8 til 18 ára

Skátastarfið byggist á skátafundum skátasveitanna. Þeir eru haldnir að jafnaði einu sinni í viku. Mosverjar bjóða uppá skátastarf fyrir börn frá átta ára aldri til 18 ára aldurs. Eftir það er starf skátans bundið að mestu við foringjastörf eða sérstök tímabundin verkefni. Í Mosverjum voru starfandi sjö skátasveitir á starfsárinu.

Drekaskátasveitin Drakó

Skátar 8 – 9 ára

Skátahreyfingin vill skapa börnum skilyrði til að nýta hæfileika sína á uppbyggjandi hátt og hvetja þau til að nýta eigin reynslu til að verða heilsteyptir einstaklingar og virkir samfélagsþegnar. Í augum barnanna er skátastarfið sannkallað ævintýri, leikir og spenn-



andi verkefni í hópi jafnaldra Ævintýrið, leikirnir og verkefni gegna þess vegna mikilvægu hlutverki í skátastarfi 7-9 ára barna, því með þeim kennum við börnunum hjálpssemi og glaðværd, sjálfstæði og tillitssemi.

Drekaskátafundir eru að jafnaði vikulega, auk þess sem drekaskátar fara reglulega í dagsferðir og styttri leiðangra. Starfsvettvangur þeirra er þéttbýlið, líf í borg og bæ, þeir læra að þekkja umhverfi sitt, hættur í daglegu lífi og rétt viðbrögð við þeim.

Skátastarf er skemmtilegt og þannig á það að vera, annars er það ekki skátastarf.

Fálkaskátar vilja bæði nema ný lönd og kanna ókunn svið í hópi féлага og vina. Nokkrir flokkar mynda skátasveit sem vinnur saman að margskonar verkefnum og fer saman í ferðir og útilegur, jafnt sumar sem vetur. Verkefnin og ferðirnar hafa tilgang, því þó þau séu spennandi og skemmtileg, eru þau einnig leið skáta til að auka þekkingu og færni og búa skátana undir sjálft lífið.

Fálkaskátar starfa í 5-7 manna flokkum jafnaldra sem funda vikulega. Flokkarnir velja sér spennandi verkefni að fást við og njóta leiðsagnar fullorðins foringja þegar á þarf að halda.



Fálkaskátasveitirnar **Hafernir og Smyrlar** Skátar 10 – 12 ára



Dróttskátasveitin **Orion**

Skátar 13 – 14 ára

Við skátarnir vitum að fólk lærir af reynslunni og að það er miklu skemmtilegra að læra með því að vinna verkefni sem maður hefur valið og undirbúið sjálfur en þegar einhver segir manni hvað eigi að gera. Þess vegna er það frábært að taka þátt í dróttskátastarfi.

5-7 vinir eða vinkonur mynda flokk sem hittist einu sinni til tvisvar í viku og undirbýr eða framkvæmir verkefni sem hópinn langar til að vinna að. Við leggjum áherslu á að unglingar prófi nýja hluti, nemi ný lönd og víkki sjóndeildarhringinn

í hópi vina og jafnaldra. Verkefnin hafa tilgang, því þó þau séu spennandi og skemmtileg og hafi uppbyggileg áhrif á einstaklingana.

Við erum fullviss um að unglingum finnst mikilvægt að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir – og að þeir hafa gaman af félagsskap jafnaldra sem bera virðingu fyrir náttúrunni og fara saman í ferðir og útilegur. Fundirnir eru á kvöldin einu sinni í viku en auk þess starfa margir dróttskátar sem aðstoðarforingjar í skátasveitum Mosverja.



Rekkaskátasveitin Búrhvalur

Skátar 15 – 18 ára

Fyrir utan að taka þátt í skátastarfi með ungu fólki á þessum frábæra aldri þá starfa rekkaskátar með skátum um víða veröld að fjölpættum verkefnum. Rekkaskátar geta sótt um Forsetamerkið fyrir öflugt og gott starf og skipuleggja sitt starf að mestu leyti sjálfir.



Róverskátasveitin Rögnvaldur

Skátar 19 – 22 ára

Róverskátinn ber ábyrgð á sínu skátastarfi. Hann velur þann vettvang sem hann vill starfa á. Hvort sem það er við foringjastörf, sem bakhjarl fyrir skátastarfið, sem sjálfbóðaliði innan lands eða erlendis eða að starfa í einhverri af sveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Með árunum hefur fjölgað í hópi þeirra skáta sem starfað hafa með Mosverjum og haldið tryggð við félagið jafnvel eftir að formlegu skátastarfi lýkur. Í mörgum skátafélögum og víða um lönd er þetta starf mjög öflugt og halda skátarnir hópinn oft langt fram á fullorðinsár.

Bakvarðasveit Mosverja

Skátar 22+

Eitt sinn skáti, ávallt skáti. Bakvarðasveitin er formleg starfs-eining innan Mosverja og var stofnuð árið 2008. Þá varð til ákveðinn vettvangur fyrir fullorðna skáta í Mosfellsbæ og foreldra starfandi skáta sem langar að koma á skátafund og kynnast skátastarfinu af eigin raun. Fróðleg erindi hafa verið höfð á þessum fundum ásamt ýmiskonar kennslu og kaffidrykkju. Auk þess hafa Bakverðirnir stutt við skátastarfið á ýmsan hátt meðal annars með kraftmiklu starfi vegna landsmótsins 2014 og eiga örugglega eftir að láta að sér kveða á næsta landsmóti 2016.



Stikaðar gönguleiðir í Mosfellsbæ:

Aukning á umferð um svæðið

Umhverfisverkefnið stikaðar gönguleiðir frá byrjun voru helstu verkliðir eftirfarandi: byrjuðu með hugmyndavinnu og undirbúningi árið 2006.

Nú árið 2015 hefur tekist að framkvæma flest af því sem upphaflega var sett inn í verkefnið. Greinileg aukning hefur orðið á umferð útivistar- og göngufólks um svæðið. Því hafa bæst við afmörkuð verkefni og endurbætur sem fylgja aukinni umferð. Þar má nefna tilraunalagning á göngustíg og lokun leiða sem hafa orðið fyrir skemmdum vegna ágangs og aukinnar umferðar.

- » Stikaðar gönguleiðir í Mosfellsbæ 87 km
- » Bílastæði 10
- » Girðingastigar 12
- » Göngubrýr 5
- » Plankabrýr 3
- » Upplýsingaskilti með vegprestum 12
- » Vegprestar 30
- » Skátaskjól 4
- » Fræðsluskilti 18
- » Göngukort prentað samtals í 15.000 eint. Síðast 2013

Á heildina litið er þetta ánægjuleg þróun sem sýnir að sú ákvörðun að skipuleggja þessar stikuðu gönguleiðir hafa höfðað til fólks og bæjarland Mosfellsbæjar er orðið eitt af þekktari útivistarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Vonandi verður áframhald á þessari uppbyggingu og Mosfellsbær sem heilsuefandi samfélag styðji áfram við þetta verkefni.



Foringjaþjálfun í skátastarfi:



Öflug foringjaþjálfun styrkir starf félagsins

Flestum skátum finnst það spennandi að vera foringi. Þeir fá langflestir að spreyta sig á foringjastörfum eða taka einhverja ábyrgð á sínum skátaferli.

Að vera treyst fyrir einhverju starfi, verðmætum eða atburði er mjög þroskandi og styður það sem BP sagði strax í byrjun. Látum skátana reyna og prófa eins mikið og hægt er. „Learning by doing“ – reynslunámið var hans aðferð sem gagnadist vel og er enn í fullu gildi. Þannig hefur skátastarfið mikið þjálfunarlegt gildi og skátarnir fá tækifæri til

að þroskast og taka smám saman meiri ábyrgð á starfinu, allt eftir eigin áhuga og vilja.

Bandalag Íslenskra skáta hefur umsjón með og ber ábyrgð á framkvæmd sérstakra námskeiða og foringjaþjálfunar skátanna sem fer fram á nokkrum stigum. Boðið er uppá sveitarforingjanámskeið, leiðbeinendanámskeið og Gilwell-námskeið. Á þessum námskeiðum gefst skátunum færi á að kynnst nýjum aðferðum, sjá hvað aðrir eru að gera og hitta aðra skáta frá ýmsum skátafélögum.

Að fara á slík námskeið virkar oft sem vítamínsprauta fyrir einstaklinginn sem kemur til baka með höfuðið fullt af nýjum hugmyndum. Gæði og fjölbreytileiki skátastarfsins er eitt mikilvægasta verkefni skátaforingjans og skal ætíð reynt að fylgja þeirri stefnu. Gilwell þjálfun skátahreyfingarinnar hefur verið efsta stig foringjaþjálfunar skátahreyfingarinnar. Á undanföllum árum hefur sá hópur Mosverja stækkað sem lokið hafa þessari þjálfun og mun það eflaust styrkja starfið á næstu árum.



Leiðtogapjálfun fyrir fullorðna sjálfboðaliða

Fullorðnir skátar eru kjölfestan í góðu skátastarfi. Þeir eru ábyrgir fyrir uppeldishlutverki hreyfingarinnar. Gilwell-leiðtogapjálfunin er persónuleg vegferð hinna fullorðna til að halda áfram að þroskast og eflast í lífi og starfi.

Í Gilwell-leiðtogapjálfun BÍS fá þeir innsýn í hlutverk fullorðinna í skátastarfi og öðlast þekkingu og færni til að leiða

starfið og þar með leggja sitt af mörkum til betra samfélags. Leiðtogapjálfunin hjálpar þeim við að takast á við sjálfboðastarfið. Hún gefur þátttakendum líka tækifæri til að efla leiðtogahæfni sína almennt, en það veitir einstaklingum aukið sjálfstraust og nýtist bæði beint og óbeint í einka- og fjölskyldulífi og á vettvangi atvinnulífsins. Í hópum fullorðinna í skátastarfi er líka að finna fólk sem



*Snorri Magnús Elefsen,
Harpa Methúsalemsdóttir,
Dagbjört Brynjarsdóttir og
Selma Margrét Reynisdóttir*



Gilwell-leiðtogaþjálfun:

Mosverjar mennta sig!

Þann 31. maí útskrifuðust 3 flottir skátar úr Mosverjum af vegferð sem hófst ári fyrr.

Harpa Methúsalemsdóttir, Selma Margrét Reynisdóttir og Snorri Magnús Elefsen eru uppalin í Mosverjum, skátar með áratuga reynslu og hafa sinnt öllum mögulegum sjálfbodaðastörfum innan félagsins. Þau eru leiðtogar sem félagið er stolt af. Skátafélagið Mosverjar óskar þeim til hamingju með þennan áfanga.

Þessa stund upplifði ég sem sérstaklega ánægjulega þar sem ég hef haft ánægju af að fylgja þessum skátum nánast frá því að þau byrjuðu sem skátar í félaginu okkar.

gaman er að deila geði við, vaxa með og þroskast af skemmtilegri glímu við margs konar viðfangsefni sem svo augljóslega gagnast ungu fólki á þroskaleið þeirra til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir samfélagsþegnar. Gilwell-leiðtogaþjálfunin er byggð á sömu grundvallarforsendum og samsvarandi þjálfun um allan heim þar sem skátahreyfingin starfar. Það er sameiginlegt

þau hafa öll verið skátar og aðstoðar sveitarforingjar. Ég hef farið með þeim á skátamót erlendis, hef leiðbeint þeim í verkefnum í skátastarfi og glaðst með þeim er áfangar hafa verið sigraðir. Ég var því eins og stolt ungamma þegar þau fengu Gilwell-einkennin sín afhent við útskriftina úr Gilwell-leiðtogaþjálfuninni en líka afskaplega þakklát fyrir það að við Mosverjar eigum kröftugan hóp sjálfbodaðra sem halda uppi flottu skátastarfi fyrir börn og ungmenni í Mosfellsbæ.

Til hamingju öll þrjú!

Dagbjört Brynjarsdóttir
Aðst. félagsforingi Mosverja
Verkefnastjóri fræðslu- og dagskrármála BÍS

viðfangsefni allra sem leggja af stað í þá vegferð sem Gilwell-leiðtogaþjálfunin er, að vaxa og þroskast sem manneskur í samvinnu við aðra sem eru á sömu leið. Góður leiðtogi er ekki sá sem stjórnar eða leiðir aðra með skipunum. Góður leiðtogi getur unnið í teymi með öðrum og laðað fram það besta bæði hjá einstaklingum og hópum – og góður leiðtogi er líka „leiðtogi í eigin lífi“.

Skátaheimilismál:

Hvenær fáum við nýtt skátaheimili?



Oft fáum við, sem sitjum í stjórn Mosverja, þessa spurningu. Á starfsárinu hefur verið talsverð umræða um húsnæðismál Mosverja og fyrir liggur viljayfirlýsing frá bæjarstjórn um að nýtt húsnæði skuli rísa.

Gamla símsstöðin hamlar vexti og stenst ekki kröfur

Eins og oft hefur verið sagt frá tók skáta starfið mikinn fjörkipp þegar félagið fékk núverandi skátaheimili. En nú er svo komið að húsnæðið er farið að standa starfsemi og eðlilegri þróun mjög mikið fyrir þrifum.

Gamla símsstöðin sem gengt hefur hlutverki skátaheimilis síðan 2001 er löngu orðin bæði of lítil og uppfyllir ekki heldur þær kröfur sem nú eru gerðar til slíkra félagsheimila.

Mismunandi sýn á staðsetningu nýs heimilis

Á síðasta starfsári skipaði bæjarstjóri undirbúningsnefnd um byggingu skátaheimilis og hefur hún komið saman nokkrum sinnum til að ræða málið.

Grunnur og öll hugmyndavinna hefur tengst Ævintýragarðinum, sem er óbyggt svæði í Ullarnesbrekkum norðan Varmár, frá Brúarlandi og niður að ósum. Tengingin við Ævintýragarðinn hefur öllum fundist spennandi kostur, en nákvæm staðsetning skátaheimilis er það sem strandar á. Því miður hefur lítið þokast áfram, því sá staður sem bæjarstjórn vill nýta til uppbyggingar tjaldsvæða bæjarins ásamt byggingu skátaheimilis hefur Mosverjum þótt á ýmsan hátt óhentugur og jafnvel ónothæfur. Því hefur tíminn liðið og enn er verið að karpa um staðsetninguna.



Þó hefur verið sagt að skátaheimilið verði ekki byggt nema notendurnir, þ.e. skátarnir sjálfir verði ánægðir og samþykki staðinn þar sem þetta mikilvæga starf á að fara fram.

Breytingartillaga Mosverja

Stjórn Mosverja lagði fram breytingartillögu þar sem umræddur staður (gamlar malargryfjur) yrði notaður sem tjaldsvæði, en skátaheimilið byggt þar í nágrenninu. Þessi tillaga er enn til umræðu þegar þetta er skrifað.

Kalt mat Mosverja

Eftirfarandi greinargerð var unnin í febrúar 2015 af Mosverjum og lögð fyrir undirbúningsnefnd vegna byggingar skátaheimilis. Greinargerðin fjallar um skoðun og mat á byggingarreit í svokölluðum gömlu malarnámunum, norðan og austan við Varmárskóla, neðan við núverandi tjaldsvæði Mosfellsbæjar.

Eftir að undirbúningsnefndin hafði fundað og rætt þetta aðkallandi mál var stjórn skátafélagsins beðin að fara í vettvangsferð á umræddan stað til athugunar og skoðunar.

Nefndin hafði þá ákveðið að hefja skoðun og faglega úttekt og mat á þessum byggingareit. Haft var til grundvallar hugmyndir og verðlaunatillögu hönnunar ævintýragarðs sem gerir ráð fyrir skátaheimili ásamt áfastri þjónustubyggingu fyrir væntanlegt tjaldsvæði Mosfellsbæjar.

Staðurinn er eins og áður kom fram, á palli eða dæld sem myndast hefur við malarnám fyrir áratugum og hefur síðan verið jafnað út, gróíð að nokkru leiti, og sléttað með ofaniburði af leirkenndum jarðvegi.

Lagt var mat á aðstæður með starfsemi skátafélagsins í huga sem útgangspunkt. Tekið er fram að ekki liggja fyrir nein gögn um hönnun byggingarinnar eða önnur atriði sem geta skipt máli.

Því var lagt kalt mat á staðinn, jákvæðar hliðar og neikvæðar hliðar.

Jákvætt:



- + Tengingin við Ævintýragarðinn er mjög góð hugmynd. Það er hægt að okkar mati að útfæra hugmyndina um þessa staðsetningu og þróa hana betur.
- + Af brún pallsins (skálarinnar) er mikið útsýni til norð-vesturs, norðurs og austurs. Yfir ósa Leirvogssár, og yfir Ævintýragarðinn, Esju, Mosfell, Helgafell og Reykjafell.
- + Tjaldsvæði Mosfellsbæjar væri skipulagt í tengslum við skátaheimilið og rekstur þess í umsjón félagsins.
- + Aðkeyrsla og bílastæði fyrir Ævintýragarðinn væri tengt skátaheimilinu og myndi þannig styrkja aðkomu Mosverja að framtíðaruppbyggingu garðsins og svæðisins í heild.
- + Nálægð við náttúru og skógrækt sem er að dafna og stækka.
- + Skátaheimili tengt tjaldsvæðinu og í tengslum við núverandi tjaldsvæði.
- + Pallurinn eða skálin í brekkunni er sérkennilegur staður.
- + Heldur skjólsælla í suð-vestan og vestan átt s.k. gögnum.


Hér má sjá dæmi um ríkjandi vindátt og vindhraða. Til eru mælingar fyrir tímabilið mars 2012 til og með mars 2013

Greinargerð
Mosverja vegna
byggingar nýs
skátaheimilis.

Neikvætt:



- Staðurinn hefur ekki beina tengingu við Ævintýragarðinn. Nauðsynlegt er að skoða ýmis atriði ofaní kjölinn þar sem hönnunartillagan sem unnið er eftir er ekki nákvæm á ýmsum atriðum sem lúta að framkvæmdinni. Alveg á eftir að skoða ýmsa verkþætti og hvernig hægt er að haga málum svo vel fari og rúm sé fyrir fyrirhugaða starfsemi.
- Bæta þyrfti samgöngur við Ævintýragarðinn til dæmis með því að byggð yrði göngubrú yfir Varmá fyrir ofan og austan við Leirvogstunguvegin. Núverandi göngubrú í um 1 km. fjarlægð.
- Talsverð fjarlægð í strætisvagn, löng gönguleið eftir stígum eða hættuleg beinni en styttri leið, sérstaklega að vetrarlagi þar sem farið yrði um opið svæði og brattlendi.



- Brattlendi og mikill halli er á landsvæðinu umhverfis pallinn eða skálina og vöknudu því spurningar um aðkeyrslu og samgöngumannvirki vegna bílaumferðar á tjaldsvæði og á bílastæði Ævintýragarðsins.
- Óljós tenging við núverandi tjaldsvæði sem staðsett er norðan við gagnfræðaskólann.
- Pallurinn sennilega of lítill fyrir þá starfsemi sem fyrirhuguð er. Ekki hefur verið skoðuð stærð annarra tjaldsvæða í öðrum sveitarfélögum. (Pallurinn er 1. hektari, 100m x 100m 10.000 m²) Hér vantar mælingar og mat á stærð þeirra eininga sem fyrirhugaðar eru. (Skátaheimili, útkenntslusvæði, leiksvæði, þjónustumiðstöð, bílastæði, aðkeyrsla, tjaldsvæði og annað).
- Mjög vindasamt, sérstaklega í norðaustan, austan, suðaustan og sunnan átt. Með fylgjandi: Vindrósa myndir frá Leirvogstungu og Holtastöð 2013 – 2014 og vindáttir fyrir Mosfellsbæ.
- Staðurinn getur verið snjógildra. Snjór var í Mosfellsbæ á skoðunardegi og talsverð dýpt á pallinum. Við skoðunarferðir síðar er mikil vatnssöfnun og krapí þegar hlánar.
- Fara þarf í skógrækt til að drepa vind og mynda skjól og hlýlegt umhverfi.
- Staðurinn er ekki miðsvæðis í bænum miðað við hverfi Mosfellsbæjar. (Leirvogstunga, Miðbær og Holtin nærliggjandi hverfi). Er ekki í alfaraleið. Innbrot og skemmdarverk áhættuþættir.



Niðurstaða, umræður og tillaga:

Staðurinn hefur bæði kosti og galla. Praktísk atriði og grunnhönnun þurfa að liggja fyrir áður en farið er í framkvæmdir. Það þarf því að ræða vel í undirbúningsnefndinni allar hliðar þessa staðar.

Staðurinn hefur möguleika á skemmtilegri tengingu við Ævintýragarðinn. Það þarf samt að skoða betur með aðkomu bíla og gangandi fólks í huga.

Útsýn er góð og staðurinn sérstakur út frá landslagi og landmótunarsjónarmiði. Aftur á móti eru veðurskilyrði ekki góð þar sem staðurinn er á opnu svæði, í brekku sem snýr á móti verstu hvasviðrisáttum Mosfellsbæjar samkvæmt veðurmælingum. Skátafundir og starfsemin í skátaheimilinu byggist að talsverðu leiti upp á útiveru og útivist. Því er það óheppilegt að velja staðsetningu skátaheimilisins á vindasömum stað, áveðurs gegn verstu áttunum.

Svæðið sem um ræðir er sennilega of lítið fyrir þá starfsemi sem fyrirhuguð er. Umhverfis skátaheimilið er æskilegt að sé allnokkur lóð sem tilheyrir skátastarfseminni. Þá er ótalið tjaldsvæðið, bílastæði og öll aðkoma á svæðið.

Hlutir sem þarf að aðlaga og augljósar þarfir:

- » Götulýsing og gangstígalýsing ásamt upplýstu bílastæði nauðsynleg.
- » Strætisvagnaleið skipulögð og frístundarúta í tengingu við svæðið.
- » Reglulegur snjómokstur og viðhald svæðisins.



Stjórn Mosverja fagnar því að fá tækifæri til að taka þátt í umræðu og undirbúningi að byggingu skátaheimilis. Því þarf að veða og meta alla kosti til að komast að niðurstöðu. Með sameiginlegri vinnu og samvinnu í þessu máli mun besta niðurstaðan fást er okkar bjargfasta trú, og er spennandi að sjá hvaða niðurstöður aðrir þættir þessa skoðunarferlis varðandi þennan umrædda stað munu gefa. Þá er átt við mælingar á byggingarlandi og byggingarreit ásamt fjárhagsáætlun.

Tillaga:

Tengingin við tjaldsvæðið og Ævintýragarðinn er mjög mikilvæg. Okkar greinargerð lýkur á því að lögð var fram hugmynd að því að stækka svæðið sem unnið er með. Tekið verði til viðbótar landið frá Leirvogstunguvegi upp með Varmá og að Íþróttamiðstöð. Þar sem við teljum það ekki skilyrði að skátaheimilið sé áfast þjónustumiðstöð tjaldsvæðis þá leggjum við til að Skátaheimilið verði byggt syðst á þessu stækkaða svæði (við skólagarðana) en þjónustumiðstöð tjaldsvæðisins verði byggt í skálinni (gryfjunum). Aðkoma að skátaheimili verði samhliða núverandi reiðleið. Ekki er lagt mat á innakstur í skálina enda þurfa að koma til mælingar.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar Mosverja
Ævar Aðalsteinsson, félagsforingi.

Fyrirhugað tjaldsvæði Mosfellsbæjar ásamt þjónustumiðstöð er í gömlum malarnámum fyrir norðaustan Varmáskóla. Myndin til vinstri er af skálinni í brekkunni. Á kortinu er hugmynd að nýrri staðsetningu skátaheimilis merkt með bláum reit, fyrir austan skólann, þar sem skólagarðar hafa verið. Myndin til hægri er af því svæði.





Dagbók Mosverja 2014 – 2015

2014
Ágúst

28. ágúst – 30. ágúst | Í túninu heima – bæjarhátíð

Mosfellsbæjar var haldin eins og venjulega í lok ágúst. Margt var á dagskránni og mikill undirbúningur. Mosverjar komu að hátíðinni með tvennu móti. Tindahlaupið í Mosfellsbæ fór fram á laugardeginum þar sem Mosverjar hafa verið skipuleggjendur og hluti af framkvæmdaliðinu frá upphafi. Hitt verkefnið er að tjalda og taka niður samkomutjöld Mosfellsbæjar í Álafoskvosinni. Þetta eru tvö stór tjöld og var þetta gert með sameiginlegu átaki allmargra skáta undir forustu Bakhjarla skátafélagsins. Á hátíðinni var dreift bæklingum um skátastarfið og minnt á innritunardag í byrjun september.



September

6. september | Innritunardagur var haldinn í skátaheimilinu með opnu húsi frá kl: 12.00 – 16.00. Þar var búið að undirbúa nokkur skemmtileg skátaverkefni fyrir þá sem vildu kynna sér skátastarfið ásamt því að nokkrir foringjar voru þar til svara.

Úr dagbókinni:

Loksins, loksins, eru fundartímar vetrarins komnir á hreint. Fundir hefjast 9. september og eru fundartíma þessir:
Drekaskátar (3-4 bekkur): Þriðjudagar kl. 16:00 – 17:00 og 17:00 –18.00
Hafernir (strákar 5-7 bekkur): Miðvikudagar kl. 17:00 –18:30
Smyrlar (stelpur 5-7 bekkur):
Fimmtudagar kl. 17:00 – 18:30
Orion (dróttskátar):
Miðvikudagur kl: 20.00 – 22.00
Búrhvalur (rekkaskátar):
Fimmtudagar kl: 20:00 – 22:00

16. september | Mosfellsbær, Skógræktarfélag Mosfellsbæjar og Mosverjar buðu til **skógargöngu og grillveislu** við Hafravatn fyrir alla fjölskylduna í tilefni af **Degi íslenskrar náttúru** 16. september 2014. Hjólað var frá miðbæjartorgi Mosfellsbæjar kl. 17:00 að Hafravatni. Skógarganga var síðan frá Hafravatnsrétt kl. 18:00. sem Mosverjar stjórnðu. Grillveisla að göngu lokinni við Sumargerði, hús Skógræktarfélags Mosfellsbæjar við Hafravatn. Um 40 manns mættu á þennan viðburð sem fór fram í einstaklega fallegu haustveðri.





Úr dagbókinni:

16. september | Drekaskátarnir nýttu góða veðrið og Dag íslenskrar náttúru til að fræðast um hvernig ganga skal um náttúruna af virðingu. Þau týndu svo fullt af rusli og var fengu að launum nýsteikt- ar lummur og "Sælkerar samlokur skátans" (grillaður sykurlúði í kexsamloku).

18. september | Annar fundur hjá fálkaskátastelpum. Mikið stuð í leikjum bæði inni og úti og svo í actionary. Gaman gaman.



24. september - Fálkaskátarnir í Haförn- um fóru upp að Hafravatni og sigldu þar á kanó og kajak fram eftir kvöldi. Heit- ar pylsur af grillinu voru vel þegar á milli róðra.

30. september | Foringjaráð Mosverja fundar í skáta- heimilinu. Í upphafi starfsársins var haldinn fundur þar sem stjórn og foringjar félagsins samræma dagskrá skátasveitanna og félagsins. Þá eru þeim dagskrárlíðum Bandalags íslenskra skáta sem eiga við einnig bætt inn í starfsáætlunina.

Október

2. október | Útifundur hjá Fálkaskátunum í Smyrlum.

Mosverjar eru duglegir að nýta nærumhverfi sitt í skátastarfinu. Þennan dag voru flokksfundir hjá sveitinni utan dyra og þar var ýmslegt brallað eins og myndirnar sýna.



4. október | Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti 16 rekkaskátum Forsetamerkið við hátíðlega athöfn í Bessa- staðakirkju í dag að viðstöddum boðsgestum. Margir Mosverjar hafa fengið merkið í gegnum tíðina og að þessu sinni fékk Friðrik Sigurðsson, skáti úr Mosverjum, merkið afhent fyrir góða skátun til margra ára.

Í ávarpi sínu við athöfnina sagði Ólafur Ragnar frá því að hann var ungur skáti á Ísafirði og einnig talaði hann um það hvað þátttaka í skátastarfi væri gott vegarnesti út í lífið. Í því samhengi hvatti hann skátahreyfinguna til þess að gera könnun á því hvað hefði orðið úr þeim rúmlega eittþúsund skátum sem tekið hefðu við Forsetamerkinu frá upphafi. Þá minntist hann heimsóknar sinnar á Landsmót skáta í sumar, hvað mótið hafi verið glæsilegt og hve ánægjulegt hafi verið að sjá þennan fjölda erlendra skáta á mótinu, því skátastarfið opni svo marga möguleika fyrir ungt fólk í alþjóðlegum samskiptum.



„Að fá Forsetamerkið er lokatakmark skátastarfs Rekkaskátans og leiðin þangað er gefandi, þroskandi og skemmtileg fyrir rekkaskátann. Skátastarf rekkaskáta er fjölbreytt og þar reynir á mismunandi þroskasvið skátans og hann er stöðugt að kanna ný svið og vinna að persónulegum áskorunum“, segir Ingibjörg Hannesdóttir, fræðslustjóri Bandalags íslenskra skáta. Hjálpsæmi og fjölbreytt samfélagsverkefni eru mikilvægur hluti skátastarfs Rekkaskátans, en vinnan að Forsetamerkinu tekur tvö ár hið minnsta.

„Rekkaskátarnir skrá vegferð sína í ferilskráningarbók/dagbók. Form bókarinnar er frjálst og við hvetjum þau til fjölbreytilegrar útfærslu“, segir Ingibjörg. „Auk hefðbundinna bókaskrifa má nota ljósmyndir, kvikmyndir, blogg færslur, dagbókarfærslur, ljóð eða myndverk. Framsetningin þarf þó alltaf að vera skýr og lýsa skátastarfi rekkaskátans, upplifun hans og sjálfsmati vel. Bókinni skila þau svo inn þegar þeir sækja um að fá Forsetamerkið afhent og það er mjög skemmtilegt að fara yfir bækurnar og sjá með eigin augum hvað skátastarfið er ótrúlega fjölbreytt.

Af Skátamál.is, 4. október 2014

Affraunir ungra skáta í skátafélaginu Mosverja í Mosfellsbæ



Kátir skátar lærðu um mikilvægi samvinnu

Hjónu drekaskáta í skátafélaginu Mosverja var leiddur í allan samdóm um hverju mikilvæg samvinna er á námskeiði í Mosfellsbæ.

Krákararnir, sem eru allir stóru draugur, eru fyrst að draga þessa einn sína líti með fyrirsjáanlegum árangri. Því næst tóku þau sig

tuttugu saman og drógu þessum áfram. Ekki var annað að sjá en að skátarnir uppremanni skemmtu sér hið besta við leikna.

Úr dagbókinni:

Drekaskátar Mosverja flottir á forsiðu Morgunblaðsins í morgun 8. október 2014.

Fálkaskátastrákarnir í Haförnum fóru upp í Svartaklett 8. október og æfðu bjarg-sig. Þá reynir á áræði og þor og ekki er gott að vera mjög lofthréddur.



11. október | Sveitarútilega Smyrla. Fálkaskátastelp-urnar fóru í sveitarútilegu í Vífilsbúð, skála skátafélagsins Vífils í Garðabæ sem staðsettur er í Heiðmörk. Í rökkrinu var sest við varðeldinn að skátasið. Það er notalegt að sitja og horfa í eldinn í góðum vinahóp. Leikir og söngur, skemmtiatriði og góð stemning er það sem eftir stendur í minningunni um þessa stund.

13. október | Bakhjarlar eru óformlegur félagsskapur eldri skáta og foreldra í Mosverjum. Fundur var haldinn í skátaheimilinu þar sem dagskrá vetrarins var rædd. Mikið var talað um hvernig hægt væri að styðja sem best við bakið á skátastarfinu. Eins og venjulega var heitt á könnunni og kruðeri í boði. Allir eru velkomnir á þessa fundi, og þú þarft ekki að vera skáti!

Bakhjarlar!

Nú er skátastarfið komið vel í gang og tími til að boða Bakhjarlana í Mosverjum á fund.

Í þessum hópi eru foreldrar skáta sem starfandi eru í Mosverjum/störfuðu í Mosverjum. Þar hafa líka verið eldri Mosverjar, því þó að formlegu skátastarfi ljúki oft við tvítugsaldurinn, vilja margir halda tengslum við skátafélagið og því eru Bakhjarlarnir góður vettvangur til að halda skemmtilegu sambandi áfram við Mosverja, gamla skátafélagið. Allir eru samsagt velkomnir, skátar jafnt sem aðrir. Á mánaðarlegum fundum sem fyrirhugaðir eru í vetur verður ýmislegt á dagskrá. Hugmyndin er að þar verði blandað saman fræðslu og skemmtun ásamt einhverjum þeim verkefnum sem styðja við skátastarfið.

Sem dæmi um fræðslu eða fundarefni má nefna: Nær-samfélagið, ferðalög/útivist, hreyfing, skátastarf-hvað er nú það? matseld-úti og inni, þjóðlegur fróðleikur, tækni/samskipti og fleira.

Bakhjarlasveitin er líka oft til aðstoðar í skátastarfi Mosverja. Sem dæmi um stuðning við skátastarfið má nefna: Útihátíðir í bænum, fjáraflanir, skátamót og útilegur, viðhald og tiltekt í skátaheimili, ráðgjöf/tengslanet og fleira.

Nú er boðið til fyrsta Bakhjarla-fundar vetrarins mánudaginn 13. október kl: 20.00 í skátaheimilinu. Efni fundarins verða tillögur að starfinu í vetur og rætt um framtíðarverkefni ásamt því að sagt verður frá starfi sveitarinnar á undanförunum árum. Meðal annars sýndar myndir frá Hornstrandaferð Mosverja 2009.

Heitt verður á könnunni og ketillinn fylltur.

Allir eru velkomnir að taka þátt í þessu starfi því að fólk með fjölbreyttan bakgrunn gerir starfið bara skemmtilegra og eflir skátastarf Mosverja. Sveitarforingi Bakhjarlanna er Eiríkur Pétur Eiríksson Hjartar. eirikur@mosverja.is (8971682). Með honum í „nefndinni“ í vetur verða Þórður Elefsen og Þórlaug Sveinsdóttir.

Með kveðju - Stjórn Mosverja



Úr dagbókinni:

Sæl öll!

Eins og efni skeytisins segir til þá er oft þörf en nú er nauðsyn.....

Við eigum eftir að taka lokahnykkinn í frágangi eftir Landsmótið. Í Seljabrekku bíður hrúga af dóti sem á eftir að flokka og ganga frá í geymslu.

Við leitum því til ykkar eftir aðstoð.

Fimmtudaginn 23. október kl. 17:20 ætlum við að hittast í Seljabrekku og klára fráganginn. En við getum ekki gert þetta allt ein og þurfum nauðsynlega á ykkur að halda. Margar hendur vinna létt verk og ef við erum dugleg að mæta er hægt að afgreiða þetta á örskots stundu.

Fyrir þá sem ekki þekkja til er Seljabrekka efst uppi í Mosfellsdal. ca. 5 mín akstur frá gatnamótum vesturlandsvegur og þingvallavegar.

Endilega skellið þessu inn í dagbækurnar ykkar.....

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.

fh. stjórnar Mosverja

Dagga, Aðst. félagsforingi



20. október | Drekkaskátarnir voru með lýðræðisleik en dagskrárhringurinn ber heitið "Skáti er hjálpsamur." Á fundinum í gær ræddum við svo hvað er að vera hjálpsamur og fórum heim með "heimavinnu" en hún felst í því að vera hjálpsamur heima fyrir. Mér skilst að drekkaskátaheimili séu óvenju hrein þessa dagana, búið að ryksuga, þurrka af og ganga frá eftir matinn vel og vandlega, foreldrum til mikillar ánægju.

24. – 25. október | Sveitarútilega fálkaskátasveitarinnar Hafarna í skátaskálann Þrist. Útilegan tókst vel og má sjá í auglýsingunni hvernig slíkar ferðir eru skipulagðar.

Sveitarútilega Hafarna Skátaskálinn Þristur við Móskarðahnjúka

Farið verður í sveitarútilegu í skátaskálann Þrist helgina 24. – 25. október.

Þristur er skemmtilegur skátaskáli sem staðsettur er undir Esjuhlíðum nálægt Móskarðahnjúkum. Skálinn er án rafmagns og rennandi vatns en er hitaður upp með gasi og kamínu. Vatnið náum við í Þveránni sem rennur um 300 m frá skálanum.

Í útilegunni verður ýmislegt gert. Fyrir utan að strákarnir þjálfa sig í að vera eina nótt við frumstæðar aðstæður þá förum við í gönguferð eða fjallgöngu, æfum okkur að síga og margt fleira.

Matarmál: Strákarnir þurfa að hafa með sér nesti fyrir föstudagskvöld og laugardag. Einnig pylsur í sameiginlegan pott ásamt pylsubrauði sem verður í kvöldmatinn. Sveitarforingi kemur með tómatósú, sinnep og steiktan lauk. Einnig kakó fyrir alla.

Gos og nammi er bannað en sveitarforingi mun verða með eitthvað gott í munninn á laugardagskvöldinu. Það er ekkert símasamband í skálanum. Það þarf enginn að hafa síma.

Hlý föt, vindheld úlpa og vindbuxur, snyrtidót, svefnpoki, góðir skór og auka sokkar. Einnig höfuðljós eða annað ljós. Einnig góða gönguskó ef þeir eru til.

Mæting er í skátaheimilið á föstudegi kl. 18.00 og komið heim á laugardag kl. 18.00. Skálagjald er 1.000 kr og greiðist með seðli við komu í skátaheimili.

Nauðsynlegt er að skrá sig en skráning fer fram í gegnum slóðina <http://www.skatar.is/vidburdaskraning>

Skutleri - Ef eitthvert foreldri getur skutlað okkur á föstudagskvöldi eða sótt á laugardag megi þið hafa samband við sveitarforingjann Ævar í síma 696 5531 aevan@mosverjar.is, eða við Gunnar Inga á gunnar.is@mosverjar.is.

Með skátakveðju

Ævar, Gunnar Ingi, Ísak Árni, Hjörtur og Birta

28. október | Vel sóttur foreldrafundur var í skátaheimilinu þar sem stjórn og foringjar félagsins kynntu skátastarfið og svöruðu spurningum. Þessir foreldrafundir eru mjög mikilvægir í starfinu. Bæði til að veita fólki upplýsingar um skátastarfið en líka til að fólk fái tækifæri til að hittast, sýna sig og sjá aðra. Lögð var fram dagskrá félagsins fram á vorið auk þess sem farið var yfir starf skátasveitanna fram að jólum.

Nóvember



4. nóvember | „Stórslasaður“ drekatemjari fékk góða aðhlyningu drekanna.

14. – 16. nóvember | Mosverjar fóru í árleg félagsútilegu á Úlfjótswatn eins og oft áður. Fálka-, drótt-, rekka- og róverskátar ásamt foringjum héldu af stað austur og í þetta skiptið var þema útilegunnar „Vikingar“. Góð þátttaka var að þessu sinni og mikið lagt í undirbúninginn. Fjölmargir foreldrar aðstoðuðu við dagskrá og unnu líka í eldhúsinu. Veður var mjög gott og nutu skátarnir ferðarinnar og þeirra fjölmörgu verkefna sem voru í boði.



Félagsútilega Mosverja Úlfjótswatni

Kæru skátar og foreldrar/forráðamenn. Framundan er félagsútilega á Úlfjótswatni helgina 14.-16. nóvember. Þangað mæta fálkaskátar, dróttaskátar og rekkaskátar ásamt foringjum og aðstoðarfólki. Helgin verður stút full af frábærri dagskrá og skemmtilegheitum.

Þema helgarinnar er VÍKINGAR. Skátarnir eru hvattir til að mæta í búningum sem passa við þemað en bendum einnig á það að það þarf að klæða sig eftir veðri og vera vel útbúin til útiveru.

Lagt verður af stað frá skátaheimilinu kl. 19:30 á föstudagskvöldi og minnum á að allir þurfa að vera búnir að borða kvöldmat. Heimkoma er áætluð um kl. 15:00 á sunnudag. Gjaldið fyrir helgina er 6.500,- og innifalið í því er gisting, matur og öll dagskrá helgarinnar. Rútan verður greidd úr félagsjóði.

Skráning fer fram í viðburðaskráningakerfi BÍS og þar verður að taka fram ef skátinn þarf sérfæði eða þarf að taka einhvers konar lyf um helgina. Munið að yta á STADFESTA takkann. Skráning er ekki staðfest fyrr en staðfestingartölvupóstur hefur borist forráðamanni.

Við mælum með því að foreldrar gangi frá greiðslu fyrir útileguna með kreditkortinu við skráningu. Þið auðveldið okkur utánumhaldið umtalsvert með því að gera það. Einnig verður hægt að millifæra gjaldið á 0549-26-000310 kt. 640288-2489 og þá verður að muna að senda kvittun í tölvupósti á mosverjar@mosverjar.is.

Skráning fer fram hér: www.skatar.is/vidburdaskraning. Lokað verður fyrir skráningu kl. 23:59 á miðvikudagskvöldið 12. nóv!

Aðeins þeir sem eru skráðir í ferðina fá sendan útbúnaðarlista í tölvupósti eftir að skráningu lýkur. Allir þurfa að skrá sig. Einnig foringjar og rekkaskátar!

Ef einhverjar spurningar eru þá endilega hafið samband á stjorn@mosverjar.is

Einnig leitum við til foreldra með aðstoð í eldhúsinu um helgina. Í boði er frábær félagsskapur og tækifæri til að kynna starfi skátanna. Áhugasamir vinsamlegast sendið póst á stjorn@mosverjar.is

Með skátakveðju, Stjórn Mosverja



Úr dagbókinni:

Foreldrar Smyrla ath! Þeir flokkar eru að fara í heimsókn í Hjálparsvéit Skáta í Reykjavík á morgun 20, nóv. Samlokur, Púkar og Skrítlur. Nokkrir foreldrar eru búnir að bjóðast til að aðstoða okkur við akstur, en okkur vantar tvo í viðbót, eitt foreldri til að keyra á staðinn kl. 17 og annað til að sækja kl. 18:40. Einhverjir sem hafa tæk á og vilja bjóða sig fram hér? kv. Inga

20. nóvember | Fálkaskátar í Smyrlum heimsóttu Hjálparsvéit Skáta í Reykjavík. Þær kynntust starfsemi björgunarsveita og fengu að prófa klifurvegginn, bera sjúkling á börum og skoða bílana.



23. nóvember | Slökkviliðsdrekar og Græna túrbótalningarvél

Mikil spenna lá í loftinu hjá stórum hópi 8 – 9 ára drekaskáta sem safnaðist saman í Mosfellsbænum síðasta sunnudag.

Mætingin var góð – 36 drekaskátar og foringjar, en hvert skyldi ferðinni heitið? Það eina sem þau vissu var að endað yrði með vígslu og samveru með foreldrum í Litlaskógi, en það er skógar-rjóður sem staðsett er við hliðina á nýju slökkvistöðinni sem verið er að byggja við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Eins og alltaf var forvitnin alveg að fara með drekaskátana í rútuferðinni á fyrsta áfangastað... –Erum við að fara á Korputorg? –Erum við að fara í Nóa Síríus? – Erum við að fara á Árbæjarsafn? Hugmyndirnar voru óteljandi en enginn giskaði á rétt fyrr en rúttunni var lagt við Slökkvistöðina að Tunguhálsi. Þar tók svo á móti okkur stórskátinn Lárus St. Björnsson, Hraunbúi.

Að vera skáti er grunnurinn að þessu öllu

Lárus sagði drekaskátunum leyndarmálið á bak við að vera sjúkraflutningamaður og slökkviliðsmaður og björgunarsveitarmaður og alþjóðabjörgunarsveitarmaður. Það að vera SKÁTI er grunnurinn að öllu. Drekarnir fengu svo að skoða sjúkrabíl og slökkviliðsbíl og hin og þessi tæki. Einnig fengu þau að máta hjálm og jakka slökkviliðsmanna.



Slökkviliðsgallinn er þínu stór fyrir Drekaskáta

Að lokinni skoðun í slökkvistöðinni lá svo leið okkar í Skátamiðstöðina í Hraunbæ 123, en þar fengum við að skoða Túrbótalningarvélina hjá Grænum skátum. Nú vita allir drekaskátar í Mosverjum hvað verður um dósirnar sem lenda í dósakassanum okkar.



Drekaskátarnir og Græna túrbótalningarvél

Vígsla í bræðralagið og sykurpúðagrill

Loks lá leið okkar í Litlaskóg en þar hittum við foreldra og systkini. Við kveiktum varðeld og 30 drekaskátar hlutu vígslu inn í bræðralag 48 miljón skáta um heim allan. Punktinn yfir i-ið í „Óvissuferð Drakó 2014“ settu svo sykurpúðagrill og nota- legheit við eldinn.

Af Skátamál.is | 28.11.2014



Landsmót
Skáta 2016
SÍÐURHARNA

Sendum þér og fjölskyldu þinni innilegar jólakveðjur með ósk um farsæld á nýju ári!

Skátarnir
Randalag íslenskra skáta

Desember

17. desember | Nú eru jólin alveg að bresta á og hinn árlegi **Jólafundur Mosverja** var haldinn í Krikaskóla. Hann er síðasti skátafundurinn áður en Mosverjar fara í jólafrí eftir vel heppnað starfstímabil. Síðan hittast allir hressir og kátir eftir nýárið.

2015 Janúar

PRETTÁNDINN 2015

Hin árlega prettándabrenna Mosfellsbæjar verður haldin **laugardaginn 10. janúar 2015**

Blysför leggur af stað frá Miðbæjartorginu kl. 18

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og Stormsveitin sjá um tónlistina. Álfakóngur, álfadrottning, Gryla, Leppalúði og þeirra hyski verða á svæðinu.

Glæsileg flugeldasýning!

Næg bílastæði við Þverholt

Mosfellsbær
Björgunarsveitin Kyndill
Stormsveitin
Leikfélag Mosfellsveitar
Skátafélag Mosverjar
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar

10. janúar | **Prettándinn** var haldin í frábæru vetrarveðri í Mosfellsbæ. Álfar, huldufólk og jólasveinar koma og Mosverjar stjórna blysför að venju þar sem trommusveitin fer fyrir flokknum. Blysförin fer frá bæjartorginu og niður að brennunni við Leiruvoginn. Alltaf er að fjölga í blysförinni og mikill mannfjöldi var við brennuna. Prettándinn er sennilega ein fjölmennasta samkoman sem haldin er í Mosfellsbæ og hafa Mosverjar tekið þátt í framkvæmdinni í fjölda ára.

11. janúar - Foringjafundur um dagskrá félagsins haldinn í skátaheimilinu. Foringjaráð Mosverja hittist í upphafi annar og skipuleggur dagskrá félagsins fram á sumar. Helstu þættir í dagskrá BÍS fléttaðir inni starfið og dagsetningar samræmdar. Sveitarforingjar hófu áætlanagerð fyrir sínar sveitir og undirbjuggu fyrstu fundi ársins.



Úr dagbókinni:

13. janúar - Drekaskátarnir byrjuðu önnina á drekaþingi og voru skátafræðin þema tímabilsins sem kosið var um með lýðræðisleik. Alþingi var notað sem aðferð og gaman að sjá upprennandi þingmenn að störfum. Spennandi að sjá hvað býr að baki dagskrárlið eins og "Kynnumst Kim".



26. janúar - Bakverðir er sveit foreldra og annara sem áhuga hafa á skátastrafi Mosverja. Foreldrar teljast sjálfkrafa Bakverðir svo framarlega sem þau afþakki ekki boðið. Stjórnendur Bakvarða eru búnir að búa til skemmtilega dagskrá fyrir vorið og langar okkur að kynna hana fyrir ykkur. Allir eru velkomnir. Líka þeir sem aldrei hafa verið skátar!



29. janúar - Á fundinum í dag fóru fálkaskátastelpurnar í sleðaferð, föndur, grilluðu sykurpúða og gerðu kakó í þessu yndislega vetrarveðri (og roki). Svo er auðvitað nauðsynlegt að syngja við varðeldinn, sama hvort það er kvöldvaka í gangi eða ekki!

31. janúar - Bakhjarlar fóru í 2 klst. gönguferð umhverfis Helgafell og inn í Skammadal. Frábært vetrarveður, sól, frost og smá gola og sveitin skartaði sínu fegursta. Hressandi ganga og góður félagskapur.

Febrúar

Úr dagbókinni

1. febrúar Í dag voru Drekaskátar að kynna Kim, nú ættu þeir allir að vera orðnir snillingar í heilaleikfimi. Það vantar einn hlut á aðra myndina, kemur þú auga á hver hluturinn er?



Hér er allt með...



...en hér vantar einn hlut

12. febrúar - Skemmtilegur flokksfundur hjá stelpusveitinni Smyrlum.

Júmnað í salnum, kveikja eld úti í frostinu og súrri úr grillpinnum. Svaka fjör og skátastuð.



23. febrúar | Baden-Powell dagurinn, 22. febrúar, haldinn hátíðlegur í sal Fjölbrotarskóla Mosfellsbæjar.

Svohljóðandi auglýsing birtist á vef Mosverja:

Skátafélagið Mosverjar hefur þá ánægju að bjóða þér til skemmtilegrar stundar í sal Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, Háholti 35, mánudaginn 23. febrúar kl. 19:00. Það er löng hefð fyrir því að skátar um allan heim haldi hátíðlegan 22. febrúar sem er fæðingardagur Sir Robert Baden-Powell stofnanda skátahreyfingarinnar, og ætlum við að halda upp á daginn á mánudagskvöldi. Dagurinn er alþjóðlegur friðardagur skáta um allan heim. Dagskráin verður að skátasið með léttu spjalli, söng og hljóðfærslætti. Veitingar í boði Mosverja.

Nokkrum dögum eftir þennan vel heppnaða dag birtist þessi skemmtilegi pistill í bæjarblaðinu Mosfellingi:



Mars

1. mars | Drekkátadagurinn í Garðabæ

Drekarnir okkar stóðu sig frábærlega og skemmtu sér konunglega á drekkátadeginum í Garðabæ í dag. Fengum að ganga á línu, flytja kjarnokusprengru yfir á öruggt svæði, fara í pokahlaup og limbó, gera skemmtiatriði og grilla sykurlúða. Dagurinn endaði svo á kakó og kexi eins og sönnum skátum sæmir. Takk fyrir daginn!



Hrollur 2015

Úr dagbókinni

Hrollur er útivistar og ævintýrakeppni fyrir Dróttskáta sem er árlegur viðburður í Mosverjum. Helgin fer fram við Hafravatn og keppast liðin um að fá sem flest stig fyrir ýmislegt alla helgina, svo sem að leysa þrautir, gera góða áætlun fyrir laugardaginn, sofa í tjaldi og fleira og fleira. Fer fram 6. - 8. mars 2015.

Desert í fyrsti skipti í sögu Hrolls



Hrollilega gaman

Hrollur var haldinn um helgina en þar þreyta dróttskátar kappi í rötun, útivist og útsjónarsemi.. Keppnin var haldin í Hleiðru við Hafravatn eins og verið síðustu ár. Það er skátafélagið Mosverjar í Mosfellsbæ sem á heiðurinn af Hrolli.

Áfram skátar

Ég var svo heppinn að vera boðið á hátíðar skátafund hjá Mosverjum um miðjan febrúar.

Skátafélagið Mosverjar er nú þriðja stærsta skátahreyfingin á landinu samkvæmt því sem Ævar Aðalsteinson skátahöfðingi sagði í upphafsraðu sinni. Þá bauð hann skáta og aðra gesti velkomna á hátíðarfund í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ sem var haldin í tilefni þess að stofnandi skátahreyfingarinnar, Sir Robert Baden Powell, hefði orðið 158 ára gamall. Fæðingardagur Powells er alþjóðlegur fríðardagur skáta um allan heim.

Þessi hátíðarfundur var stórskemmtilegur og greinilega mikil gróska í skátahreyfingunni hérna



Pistill úr Mosfellingi, mars 2015.

í Mosfellsbæ. Það skal viðurkennt að ég hef ekki farið á skátafund áður og hafði einhvern veginn ímyndað mér skátana allt öðruvísi. Þetta er ekki bara það að læra að hnýta hnúta... nei aldeilis ekki, þetta er og var hrein skemmtun, og það er aldrei of seint að gerast skáti. Á þessu kvöldi voru vígðir nýir skátar sem voru komnir vel yfir grunnskólaaldurinn. Eitt er víst, ég fór út með bros á vör og hugsaði með mér, rosalega var þetta skemmtilegt og líflegt. Til hamingju með þetta frábæra kvöld kæru skátar og takk fyrir mig, það er greinilega skemmtilegt að vera skáti.

Rúnar Bragi Guðlaugsson formaður Íþrótt- og tómstundaneftdar Mosfellsbæjar



Ánægðir með árangurinn. Kristófer Örn Stefánsson, Jakob Lipka Þormarsson og Stefán Unnar Gunnarsson.

„Keppnin fór ágætlega fram og ég er nokkuð viss um að flestir hafi haft gaman,“ segir Gunnar Ingi Stefánsson talsmaður Hrolls. Hann hefði viljað sjá fleiri þátttakendur en tólf skátar í 5 liðum tóku þátt í ár. Keppnin byrjaði á föstudagskvöld í Mosfellsbæ og gengu skátarnir í skátaskálann Hleiðru með dótið sitt á bakinu. Til að gera útvistina enn ánægjulegri var gíst í tjöldum sem slegið var upp við skálann. Á föstudagskvöld fengu þátttakendur svigrúm til að skipuleggja gönguleið morgundagsins.

Þrautaleið umleikis Hafravatn

Á laugardeginum var póstaleikurinn sem öll helgin snýst um. Krakkarnir þurfa að leysa margskonar þrautir sem lagðar eru hringinn í kringum Hafravatn, allt frá því að baka lummur upp í að klífa Reykjaborg. Keppendurnir mega leggja af stað klukkan 7 og voru einhver lið komin af stað á slaginu. Eftir að leikurinn byrjar er skálinn lokaður keppendum til klukkan 5, en þá lýkur leiknum og allir þurfa að vera búnir að skila sér.

Eftirréttur og sleikjukeppni

Þátttakendum er nú samt ekki bara þískað út því á laugardagskvöld var boðið í hamborgaraveislu a'la Dagga & team Muurikka. Þá gerðist það í fyrsta skipti í sögu Hrolls að boðið var upp á eftirrétt. Dagurinn endar svo með sleikjukeppni, þar sem þátttakendum gefst tækifæri á að bjóða dómurum löglegar mútur í skipti fyrir stig.

Snjóskúlpúttur á sunnudegi

Á sunnudeginum var ræs ekki fyrr en klukkan 9 en þá þarf að taka niður tjaldbúðina og troða öllu dótinu aftur ofan í töskur. Um hádegi var svo haldið niður að vatni og þar var smá kappát og snjóskúlpúttakeppni. Hrollur endaði svo með sigri eins liðsins úr Mosverjum og situr því Herra Hrollur – verðlaunagripurinn – því áfram í skátaheimilinu í Mosfellsbænum. Sigurliðið komst víst nálægt stigametinu í sögu Hrolls, en það var þó ekki slegið.

Af Skátamál.is | 10. mars 2015



10. mars | Góður Bakvarðafundur þar sem farið var yfir notkun á GPS tækjum. Hilmar Már Aðalsteinsson kom og leiðbeindi. Það var mjög fróðlegt og skemmtilegt. Allir lærðu eitthvað og takk fyrir kvöldið.



11. mars | Flokksfundir hjá Smyrlasveit. Fjör á flokksfundum, slysaforðun, sokkabruðugerð og “afrískt” boðhlaup. Svaka stuð og hluti skátanna munu koma “stórslasaðir” heim á eftir.



12. mars | Aðalfundur Mosverja 2015 var haldin í skátaheimilinu. Fundarstjóri var Atli S. Ingvarsson sem stýrði fundinum af festu nú sem endranær. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2013 – 2014 var lögð fram ásamt reikningum ársins 2014. Þá voru í stjórn Mosverja kosnir félagsforingi ásamt 3 stjórnarmönnum samkvæmt lögum félagsins.



Úr dagbókinni

Aðalfundur Mosverja haldinn í kvöld. Flott skýrsla sem var lögð fram og áhugaverðar umræður um mögulegan stað fyrir nýtt skátaheimili. Svo voru kökur með kaffinu til að toppa kvöldið

20. – 22. mars | Skátaping Bandalags Íslenskra skáta var að þessu sinni haldið á Selfossi og hófst með setningu kl. 18:30 föstudaginn 20. mars og lauk sunnudaginn 22. mars. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var á þinginu unnið að stefnumótun fyrir hreyfinguna, ný lög BÍS og nýtt skátaheiti er orðið valkostur. Margt fleira var til umfjöllunar á þessu Skátapingi sem er æðsta stjórnstig skátahreyfingarinnar. (valkvætt skátaheiti)

Úr dagbókinni

24. mars var Dekurfundur Drekaskáta og mikil spennan í gangi. Spurning hvort spennan snúist um myndina eða nestið.

Apríl

Úr dagbókinni

Til foreldra Smyrla (stelpur 10-12 ára): Útilegan okkar verður næstu helgi. Allir sem ætla með í hana verða að skrá sig í gegnum skráningarsíðu skátanna. Allur matur er innifalinn og því þurfum við að vita hversu margir koma á fimmtudaginn í síðasta lagi. Kv. Foringjar



11. – 12. apríl. | Sveitarútilega Smyrla

Ofurhetjuútilega var haldin hjá ofurskátasveitinni Smyrlar. Í svona vel heppnaðri útilegu er skátastarfið skemmtilegast. Allir stóðu sig hrikalega vel og komu sáttir en þreyttir heim.

Ofurhetjur létu stormviðvörn ekki stoppa sig



Útivistarofurhetjur slógu upp ofurhetjuskýli

Fálkaskátasveitin Smyrlar í Mosverjum fóru á Úlfjótstvatn í sveitarútilegu um nýliðna helgi. Mikið fjör var í útilegunni sem var með ofurhetjubema. Skátarnir mættu í ofurhetjubúningum og nutu helgarinnar í botn.



Í skátaferðum sem þessum er ýmislegt skemmtilegt gert. Nú um helgina var gert skýli í skóginum, pizzur eldaðar úti og sigið úr klifurturninum þrátt fyrir stormviðvörn!

Óbreyttur borgari var fangi illrar ofurhetju

Farið var í ofurpennandi næturleik á laugardagskvöldinu þar sem skátarnir björguðu óbreyttum borgara sem var fangi illrar ofurhetju. Í næturleiknum þurftu skátarnir að leysa ýmsar þrautir og leysa dulmál auk þess að rata um Úlfjótstvatn í myrkri!

Snjór og rok stoppaði ekki tjaldofurhetjurnar

Einn flokkur gisti úti í tjaldi fyrri nóttina og létu þær smá snjó og rok ekki stoppa sig. Ofurgóð útilega að baki og segir Inga Ævarsdóttir ofurhugi að stelpurnar í Smyrlum hlakki til að fara í næstu ferð sem verður á Vormót Hraunbúa í júní.



AfSkátamál.is | 13. apríl 2015

Úr dagbókinni

Minum á gönguæfinguna í dag kl. 18 við skátaheimilið. Æfingin er fyrir fálka- drótt- og rekka- og róverskáta. Vonumst til að sjá sem flesta og höfum stóra fánaborg á sumardegnum fyrsta í ár! Svo er foreldrafundur kl. 20.00.

20. apríl - Foreldrafundur



21. apríl - Útifundur hjá Drekonum. Drekararnir létu fara vel um sig í leyniskýlinu okkar í skóginum, enda er skáti náttúruvinur. Umhverfi skátaheimilisins býður uppá mikla möguleika til góðra tenginga við náttúruna, landslagið og gróðurinn. Þetta nýta Mosverjar sér mikið í sínu reglulega skátastarfi.

Úr dagbókinni

21. apríl Gönguæfing kl. 18 á morgun (miðvikudag). Mikilvægt að allir þeir sem voru á síðustu æfingu mæti. Nú er síðasti séns að þvo skyrtturnar og tékka á svörtu buxunum fyrir skrúðgönguna. Svo er mæting kl. 12:30 á miðbæjartorgið á fimmtudaginn.



22. apríl Sumardagurinn fyrsti á morgun og við Mosverjar erum klár í skrúðgönguna.

23. apríl | Sumardagurinn fyrsti 2015 var haldinn hátíðlegur í Mosfellsbæ undir stjórn Skátafélagsins Mosverja. Skátarnir stjórnðu skrúðgöngu frá bæjartorginu að Lágafellsskóla og þar var síðan skátatívoli, veitingasala og skemmtiatriði bæði úti og inni. Hoppukastalar og leiktæki slá alltaf í gegn hjá yngri kynslóðinni. Frekar kalt var í veðri og það setti mark sitt á aðsóknina að þessu sinni.

Úr dagbókinni

24. apríl Að vanda stóð skátafélagið Mosverjar í ströngu á Sumardaginn fyrsta. Þetta var bæði skemmtilegt og gaman og eiga skátarnir þakkir skildar fyrir vel unnin störf fyrir okkur hin. Gleðilegt sumar.

29. apríl | Smyrlasveitin hefur haft alþjóðapema á síðustu fundum. Síðasti fundurinn hjá fálkaskátastelpunum í alþjóðapemanu var grískur fundur á fimmtudaginn. Við vorum með skylmingar, grískan mat, gríska guði og togapartý með grískri tónlist. Ekki lítið stuð!

Mái

2. maí | Hreinsunardagur Mosfellsbæjar. Þennan dag var farið í Varmána og rusl og drasl hreinsað úr ánni. Mosverjar hafa oft tekið þetta verk að sér og vannst það bæði fljótt og vel. Skátarnir voru duglegir að finna allskonar hluti sem fyllti marga plastpoka sem fór á haugana eftir góðan hreinsunardag.

Hreinsun Varmár 2015

Nú er komið að árlegri fjáröflun - Hreinsun Varmár 2015. Mæting kl. 9.00 við skátaheimilið laugardaginn 2. maí. Gott að vera vel útbúin og helst með gúmmihanska. Gott að vera í stígvélum og fráboert ef einhverjir geta verið í vöðlum.

Tveir pabbar, Gilli og Dagur ætla að leggja til kerrur og pikka upp fulla ruslapoka á leiðinni.

Við hreinsum Varmána frá fjalli til fjöru, þ.e. skiptum liði og göngum upp og niður frá skátaheimilinu, að ósum og að Syðri-Reykjum. Við tinum upp allt rusl í ánni og á bökkum hennar og setjum í ruslapoka sem við leggjum til.

Greitt er bæði fyrir skáta og foreldri og fer greiðslan inn á fjáröflunarreikning skátans hjá Mosverjum, en hann má nýta til að niðurgreiða ferðir og námskeið. Til þess að við gerum okkur betur grein fyrir hversu margir munu mæta væri gott að fá sendan tölvupóst á aevan@mosverjar.is

Kveðja
Stjórn Mosverja.

6. maí | Fálkaskátasveitin Hafarnir fóru upp að Hafravatni. Fóru þar í blíðskaparveðri á báta, bæði kanó og kajak og sigldu um allt vatn. Foreldrar voru með og hjálpuðu til við útgerðina auk þess að grilla pylsur ofaní strákana. Þetta er eitthvað sem ég vildi gera aftur sögðu flestir þegar farið var heim um kvöldið, enda ekki hægt að hugsa sér betri aðstæður og betra veður.

Úr dagbókinni:

Ævintýranámskeiðin: Skráningin hefur farið vel af stað, nú þegar er orðið uppselt á fyrsta námskeiðið og örfá sæti laus á námskeið númer tvö. Vel er bókað í önnur námskeið, en ennþá eru nóg laus pláss þar. Fyrstur kemur fyrstur fær. Bestu kveðjur, Gunnar Ingi Gunnarsson.

Sæl öll. Nú eru skráningarnar að dælast inn á Ævintýranámskeiðin í sumar. Búið er að fylla tvær fyrstu vikurnar og hver fer að verða síðustu að skrá á hinar fjórar. Það stefnir í mikið skátalíf í Mosfellsbænum í sumar. Dagga á BÍS



31. maí. Í gær eignuðust Mosverjar 3 nýja Gilwell skáta, Harpa Methúsalemsdóttir, Selma Margrét Reynisdóttir og Snorri Magnús Elefsen, til hamingju með áfangann. Hlökkum til að njóta krafta ykkar á komandi árum.

Júní

2. júní | Foreldrafundur vegna Drekaskátamóts var haldinn í skátaheimilinu. Það þarf að undirbúa börnin og skipuleggja ferðina vel þegar flestir skátarnir eru að fara í fyrsta skipti í útilegu án mömmu og pabba.

Úr dagbókinni

4. júní Nú eru drekaskátarnir væntanlega orðnir rosalega spenntir. Drekaskátamótið alveg að bresta á! Munið að pakka ullarnærfötunum því hitastigið verður ekki hátt um helgina. Ekki gleyma skátaklútnum heldur... og já - góða skapinu. Sjáumst snemma á laugardagsmorgun...

6. – 7. júní | Drekaskátamót BÍS var haldið að venju á Úlf-ljótuvatni. Þangað fóru flestir drekaskátarnir í Mosverjum enda spennandi að fara í skátatjaldútilegu. Mótið tókst í alla staði vel, enda gott veður og allir duglegir þó mamma og pabbi væru ekki til staðar. Með hópnum fóru nokkrir drótt og rekkaskátar til aðstoðar og er þeim þökkud góð störf.

Úr dagbókinni

11. júní Nú eru fálkaskátar Mosverja væntanlega að undirbúa sig fyrir helgina en við erum á leiðinni í Krýsuvík á Vormót Hraunbúa. Veðurspáin er góð en við gleymum þó ekki regngallanum til vonar og vara!

11. júní | Foreldrafundur vegna 17. júní er venjulega haldinn til undirbúnings starfsemi Mosverja á þeim degi. Þar er skipulögð sú vinna sem Mosverjar standa fyrir á þjóðhátíðardegnum í Mosfellsbæ. Góð mæting var á fundinn þar sem foreldrar og eldri skátar skiptu með sér verkefnum svo allt gengi nú vel fyrir sig.

12. – 14. júní | Vormót Hraunbúa í Krýsuvík. Eins og mörg undanfarin ár fóru fálkaskátar í Mosverjum á skátamót í Krýsuvík. Veðrið lék við okkur og fór vel um mannskapinn í tjöldunum. Á dagskránni voru póstaleikir, varðeldur og hið viðfræga Arnarfellshlaup. Allir komu næstum því sólbrenndir heim eftir góða helgi.



Mosverjar mættir á Vormótið í Krýsuvík í þessu fina veðri. Allir spenntir fyrir dagskránni sem er framundan.

Úr dagbókinni:

14. júní Gönguæfingar fyrir 17. júní verða niðri í skátaheimili mánudaginn 15. og þriðjudaginn 16. júní klukkan 18:00 í bæði skiptin. Allir áhugasamir fálka-, drótt-, rekka- og róverskátar að mæta! kv. Friðrik göngustjóri.



15. júní | Fyrsti dagur á **Ævintýranámskeiði Mosverja** að hefjast. Flestar vikur orðnar fullar og starfsfólkið hefur nóg að gera. Ævintýranámskeiðin eru rekin af Útilífsskóla Mosverja sem hefur verið starfræktur í nokkur ár. Hann er í formi þessara vinsælu sumarnámskeiða og eru eina viku í senn í júní og júlí. Nokkrir unglingar, flestir skátar, starfa við þetta verkefni og vinna ánægð við það sem þeim þykir gaman að gera. Vera í skátunum. Um 20 – 30 börn hafa verið að jafnaði á hverri viku og hefur litla skátaheimilið því oft verið þéttsetið. Því má segja að það sé rekið kraftmikilið skátastarf í Mosverjum næstum allan ársins hring. Umsjónarmaður Útilífsskólans sumarið 2015 var Gunnar Ingi Stefánsson.

Til gamans má geta þess að aldrei hefur verið jafn mikil aðsókn að námskeiðunum. Allar vikur fullar.



17. júní | Þjóðhátíðardagurinn var haldinn með pompi og prakt í Mosfellsbæ. Skátafélagið ásamt Íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar kom að skipulagningu og framkvæmd hátíðahaldanna. Þessi dagskrá er komin í mjög fastar skorður. Um morguninn tjölduðu Mosverjar stóru samkomutjaldi á

grasflötinni við Hlégarð ásamt því að vera við kirkjuna þar sem sungin var hátíðarmessa í Lágafellskirkju. Þar stóðu skátar heiðursvörð. Síðan eftir hádegið var skrúðganga frá bæjartorginu að Hlégarði. Þar var síðan starfrækt skátatívoli Mosverja sem alla gleður. Ekki vorum við alveg nógu heppin með veðrið, en það fór að rigna um það leiti sem dagskráin hófst og rigndi vel allan daginn fram á kvöld. Mosverjar stóðu líka í sjoppurekstri sem seldi kalda drykki, sælgæti, blöðrur og candy-flossið vinsæla. En vegna veðurs voru færri á svæðinu en oft áður. Um 40 – 50 skátar og foreldrar þeirra taka þátt í þessu verkefni.

26. – 28. júní | Viðeyjarmót 2015 – Hótel jörð. Hið árlega Viðeyjarmót Landnema var haldið eina góða helgi í júní og þangað stefndu dróttskátar úr Mosverjum. Viðeyjarmót er árlegt skátamót sem skátafélagið Landnema halda í Viðey og er það yfirleitt haldið í kringum Jónsmessuna hvert ár. Viðey er skemmtilegt að heimsækja. Flott dagskrá með bryggjuballi hefur verið einkennismerki Landnema og því hafa Mosverjar lagt leið sína þangað í mörg ár. Allir komu síðan aftur eftir góða daga við sundin blá.



Júlí

Alheimsmót skáta 2015

stutt ferðasaga Mosverja

Eftir andvökunótt þann 24. júlí lögðum við loksins af stað til fyrirheitna landsins Japan. 39 klukkustundum síðar vorum við komnar á leiðarenda, dauðþreyttar og vel sveittar. Hitinn var ca. miklu meiri en við bjuggumst við og rakinn veitti sánutilfinningu. En hverju skiptir það máli þegar þú býrð með 36.000 öðrum skátum í ykkar eigin skátasamfélagi? Fyrir þá sem ekki vita er Alheimsmót skáta haldið á fjögurra ára fresti en það sækja skátar frá öllum heimshornum.

Á mótinu gerðum við margt. Fyrir utan að bíða í löngum röðum til að kaupa klaka lærdum við á vatnskerfi Tokyo (Sem að okkar mati er gífurlega snjallt en óáhugasamt), smíðuðum skó úr bambusi, fórum til Hiroshima og veiddum með öldruðum japönskum sjómönnum. Þó svo þessir hlutir hljóma allir frábærlega er einn dagur sem stóð upp úr, World international day. Eins og nafnið gefur til kynna er hann alþjóðlegur kynningadagur. Íslenski fararhópurinn gerði sér lítið fyrir og eldaði íslenska kjötsúpu en á milli þess að standa vaktir við súpupottinn fengum við að ganga um og kynnst öðrum löndum og menningu þeirra. Tilfinningin var svolítið eins og að fara í heimsreiðu á einum degi.



Eftir mótíð var förrinni heitið í heimagistingu en hún var að okkar mati hápunktur ferðarinnar. Þá vorum við send í pörum til að búa hjá japanskri fjölskyldu í tvo daga. Margir eyddu tímanum í heimsækja japönsk musterí, biðja til Búdda og versla því við erum nú einu sinni Íslendingar. Létt djúpsteikt og sæl kvöddum við fjölskyldurnar og héldum til Lake Ashi þar sem við nutum lífsins í botn.

En að sjálfsgöðu gátum við ekki farið til Japan án þess að heimsækja Mt.Fuji. Ef einhverjum finnst Snæfellsjökull flottur getum við fullvissað þann sama um að Mt.Fuji er svona 17 sinnum flottara. Í Tokyo hegðuðum við okkur eins og verstu túristar, tókum fullt af myndum og kíktum á helstu frægu staðina m.a. Tokyo Tower en þar fengum við að kynnst gífurlega flottum klósettum. Er eitthvað betra en náttúruhljóð og hlýr blær sem kítlar bossann þegar þú situr á salerninu? Frá tæknivæddustu borg heims flugum við síðan heim á leið. Aldrei höfum við verið jafnþakklát fyrir íslenska gráviðrið.



Andrea Dagbjört og Hrafnhildur Oddný

Hópmýnd eftir heimagistinguna. Íslensku skátarnir og japönsku fjölskyldur þeirra.





Framtíðaruppbygging við Hafravatn

Skátafélagið Mosverjar hefur í mörg ár haft siglingaaðstöðu við norðurenda Hafravatns á landi sem Mosfellsbær hefur lagt skátunum til.

Þangað hafa verið farnar margar ferðir og kanó og kajak róið um allt vatn.

Skátasamband Reykjavíkur hefur sem kunnugt er haft lóð á leigu í áratugi við suðurenda Hafravatnsins og þar hafa Mosverjar líka oft verið með skátadagskrá og haldið þar Hafravatnsdaginn á haustin.

Nú hafa mál skipast á þann veg að Mosverjar þurfa að flytja sína aðstöðu og fóru því þess á leit við SSR að hefja samstarf um starfsemina við Hafravatn.

Til að upplýsa lesendur þá birtist hér bréf sem stjórn Mosverja sendi SSR í júní 2014 og skýrir hugmyndir okkar. Síðan hafa menn talast við og málið er í góðum farvegi. Mosverjar geyma nú bátana við SSR svæðið og hefur öll sú útgerð gengið vel hingað til. Vonandi á eftir að komast meiri kraftur í uppbyggingu svæðisins sem væri dýrmætt öllum skátum á höfuðborgarsvæðinu.



Stjórn Skátasambands Reykjavíkur - SSR
Hraunbæ 123
110 Reykjavík



24. júní 2014

Efni bréfsins: **Starfsemi Mosverja við Hafrvatn**

Á liðnum árum hefur Skátafélagið Mosverjar verið með siglingaaðstöðu við norðurenda Hafrvatns í Mosfellsbæ. Starfsemin hefur verið þar við vatnið þar sem Mosfellsbær á litla landspildu sem nær niður að Hafrvatni. Mosfellsbær hefur þar gefið Mosverjum leyfi til að vera með geymslugám í nokkur ár og sömuleiðis hafa Mosverjar haft aðgang að og umsjón með flotbryggju sem þar hefur verið um tíma.

Nú eru breytingar fyrirhugaðar og Mosverjar hafa ákveðið að færa starfsemina að suðurhluta vatnsins. Þá kom upp sú hugmynd hjá stjórn Mosverja hvort grundvöllur væri fyrir auknu samstarfi Mosverja og SSR við hið svokallaða skátasvæði eða Útilífsmiðstöð skáta við Hafrvatn. Það má minna á að Mosverjar hafa átt hlutdeild í flotbryggju þeirri sem er við skátasvæðið auk þess að hafa haft umsjón með henni á undanförunum árum.

Okkar hugmyndir eru eftirfarandi:

1. Að flytja geymslugám Mosverja að skátasvæðinu þar sem geymdir eru 3 kanóar og 4 kajakar auk 30 björgunarvesta og ára. Einnig er geymdur þar búnaður sem tilheyrir Zodiac slöngubát Mosverja. Nákvæm staðsetning yrði með fullu samráði SSR.
2. Að flytja flotbryggju sem verið hefur við norðurenda vatnsins að suðurenda vatnsins. Hugsanlegt er að tengja hana á einhvern hátt við núverandi flotbryggju.
3. Að koma að hugmyndavinnu og skipulagningu skátasvæðis SSR með mögulegri aðkomu Mosfellsbæjar. (Mosverjar hafa verið nefndir sem eitt af þeim skátafélögum sem ættu lítinn flokkaskála á svæðinu s.k. samtölum). Mosfellsbær hefur alltaf sýnt Hafrvatnssvæðinu áhuga og sjá menn það sem framtíðar útivistarsvæði fyrir höfuðborgarsvæðið.

Með þessu móti ætti siglingastarfsemin og skátalífið á landspildu SSR að eflast til muna og skátar taki forustuna með öflugri starfsemi. Mosverjar hafa verið mjög virkir á Hafrvatnssvæðinu, bæði með útilegustarfsemi í skálum og tjöldum, dróttskáta- ævintýrakeppninni Hrolli sem haldin hefur verið í 15 ár, stikun gönguleiða um nágrennið og mörgu fleira.

Þessar breytingar þurfa að gerast nú í sumar og er Evar Aðalsteinsson tengiliður Mosverja vegna þessa. aevan@mosverjar.is eða 696 5531

Með von um góðar viðtökur og gott samstarf nú sem hingað til.

Með skátakveðju.
Stjórn Mosverja



